



Alþingi  
Erindi nr. Þ 140/503  
komudagur 29.11.2011

Alþingi  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011  
Tilvísun: 2011110018/00.03

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál.

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið umsagnar Þjóðminjasafns Íslands og safnaráðs um tillögu til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál.

Bent er á að þegar eru uppi vefmyndavélar líkar þeim sem rætt er um í þingsályktunartillögunni, tengdar staðbundnum vefjum ýmist á vegum sveitarfélaga eða áhugamannafélaga um tiltekinn stað. Gera má ráð fyrir að í það minnsta 24 slíkar vefmyndavélar séu nú þegar uppsettar um landið þar á meðal frá Geysi í Haukadal á vef Bláskógabyggðar og frá Bláa Lóninu á vef Grindavíkurbæjar. Á heimasíðu fjarskiptafélagsins Mílu má sjá lista yfir vefmyndavélar en þær sem sjá má á vefum sveitarfélaganna. Auk þess er Veðurstofa Íslands með fjórar vefmyndavélar þar á meðal frá Surtsey. Þar er líka besta yfirlitið yfir vefmyndavélar á landsvísu. Sjá [http://www.vedur.is/vedur/athuganir/vefmyndavelar/adrar\\_vefmyndavelar/](http://www.vedur.is/vedur/athuganir/vefmyndavelar/adrar_vefmyndavelar/) Þar er listi yfir 50 vefmyndavélar. Svo eru auk þess vefmyndavélar á vegum einstaklinga á ýmsum stöðum. Af þessum dæmum má ráða að nú þegar eru vefmyndavélum mjög víða á Íslandi

Þjóðminjasafn Íslands og safnaráð gera athugasemd við að stofnuð verði sérstök ríkisstofnun um verkefni af þessu tagi en vefmiðlun sem þessi getur hæglega fallið að markmiðum Náttúruminjasafns Íslands, sem og annarra náttúruminjasafna, náttúrustofa og fleiri stofnana í landinu sem stunda miðlun á sviði náttúruvísinda og vöktunar. Jafnframt er gerð athugasemd við notkun hugtaksins „safn“ (Vefmyndasafn Íslands) í þessu samhengi, sbr. skilgreiningar safnalaga nr. 106/2001 um hlutverk safna.

Vakin er athygli á því að í tillögunni er mælt til þess að komið verði upp vefmyndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi og er kostnaður við hverja áætlaður um 1,5 millj. kr. að meðaltali. Um er að ræða um 225 millj. kr. sem líta má á sem stofnkostnað, en gera má ráð fyrir að rekstur og viðhald sé ekki innifalið í umræddum áætlunum.

Mælt er til þess að sjái ríkið sér hag í að hrinda í framkvæmd hugmynd um markvissa uppsetningu vefmyndavéla á Íslandi með miðlun að markmiði, verði sú hugmynd mótuð og framkvæmd af starfandi stofnunum á sviði náttúruvísinda. Þá er lagt til að fyrstu skref verkefnisins verði í mun smærri sniðum en þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og framþróun þess byggist á faglegu mati á verkefninu, kostnaði og árangri.

Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands og safnaráðs,

Virðingarfyllst

Margrét Hallgrímsdóttir,  
Þjóðminjavörður og formaður safnaráðs